

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmri tíma en 2 mánuði samfelldt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skyld er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar	kr. 85,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar	kr. 486,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	
Iðnaðarhús	kr. 220,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.	

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragejald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir, ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar — febrúar	25. febrúar, eindagi 5. mars.
Fyrir mars — apríl	25. apríl, eindagi 5. maí.
Fyrir maí — júní	25. júní, eindagi 5. júlí.
Fyrir júlí — ágúst	25. ágúst, eindagi 5. september.
Fyrir september — október	25. október, eindagi 5. nóvember.
Fyrir nóvember — desember	25. desember, eindagi 5. janúar.

Gjöld skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

Kr.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum	70 000,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	51,00
Íðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	70 000,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	15,00
allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.	
Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir:	
Fyrir hvern mínútulíttra	1 645,00

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðarmörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr. Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntök íbúðarhúsa. Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúshaverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi, en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja, en undir eftirliti hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1 450,00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrir mælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 228, 1. júní 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.